

Mýrdalshreppur  
George Frumuselu  
Austurvegi 17  
870 Vík, Mýrdal

Reykjavík, 7. desember 2020  
UST202011-235/B.S.  
10.04.00

**Efni: Aðalskipulag og deiliskipulag - efnistaka í Mýrdalshreppi. Umsögn**

Vísað er til bréfs Mýrdalshrepps dags. 20. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreindar tillögur um breytingu á aðalskipulagi, umhverfisskýrslu, deiliskipulagstillögu og tilkynningu varðandi framkvæmdir í flokki C skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.


Skilgreint eru efnistöku- og iðnaðarsvæði í fjörunni austan Víkur í Mýrdal þar sem fyrirhugað er að moka upp sandi sem verður brotinn og flokkaður.


Ráðgert er að taka alls um 47.000 m<sup>3</sup> úr tveimur námusvæðum annars vegar á Víkurfjöru og hins vegar á Fagradalsfjöru á næstu 2-4 árum. 22.000 m<sup>3</sup> úr fyrrnefndu námumni og 25.000 m<sup>3</sup> úr þeirri síðarnefndu. Efnið verður unni á efnisvinnslusvæði vestan Uxafótarlækjar. Ráðgert er að moka sandinum úr fjöruborðinu og skila frákasti frá vinnslu á sama svæði. Ef framhald verður á vinnslunni er ráðgert að fari fram mat á umhverfisáhrifum frekari efnistöku og vinnslu.

Hér er um mjög litla efnistöku að ræða á svæði þar sem jökulár flytja sífellt sand til sjávar. Því má segja að hér sé um sjálfbæra vinnslu að ræða a.m.k. í því tiltölulega litla magni sem hér um ræðir. Gera má ráð fyrir að brim slétti efnistökusvæðin nánast jafnóðum. Ef ekki verður af frekari vinnslu á að vera auðvelt að fjarlægja byggingar og búnað af vinnslusvæði og ganga þannig frá að ummerki verða hverfandi. Því má ætla að þessi framkvæmd sé að mestu eða öllu leyti afturkræf.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við umræddar skipulagstillögur og telur að hér sé ekki um framkvæmd að ræða sem líklegt sé að muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllt

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

  
Axel Benediktsson  
Sérfræðingur